

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 16. apríl 2024

Mál nr. S-5820/2023:

Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Lína Ágústsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Ani Kadiu

(Gunnar Gíslason lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 20. mars sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af lögrelustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 3. október 2023, á hendur „Ani Kadiu, fd. [...], ríkisborgara [...],

fyrir eftirfarandi brot:

1. Fíkniefnalagabrot með því að hafa, miðvikudaginn 20. júlí 2022, haft í vörslum sínum 0,75 g af kókaíni ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni, sem lögregla fann við öryggisleit á ákærða og lagði hald á.

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

2. Fíkniefnalagabrot og rangar sakargiftir með því að hafa, er lögregla hafði afskipti af ákærða aðfaranótt laugardagsins 17. desember 2022, við Austurvöll í Reykjavík, haft í vörslum sínum 0,12 g af kókaíni, sem lögregla fann við öryggisleit á ákærða og lagði hald á. Í kjölfar afskiptanna skýrði ákærði lögreglu rangt frá nafni sínu en ákærði kvaðst vera A, kt. [...], og leitaðist þannig við að A yrði sakaður um fíkniefnalagabrot.

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur

eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum og 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Fíkniefnalagabrot með því að hafa, miðvikudaginn 5. apríl 2023, er lögregla hafði afskipti af ákærða sem farþega í bifreiðinni [...] við [...] í Garðabæ, í félagi við þekktan aðila, haft í vörslum sínum 4,10 g af kókaíni ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni, sem lögregla fann í fórum ákærða og lagði hald á.

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

4. Útlendingalagabrot með því að hafa, er lögregla hafði afskipti af ákærða sem lýst er í ákærulið 3, brotið gegn skyldu sinni, að kröfu lögreglu, um að sýna skilríki til að upplýsa hver hann væri og hvort dvöl hans í landinu væri lögmæt.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 14. gr., sbr. a. lið 1. mgr. 116. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakar-kostnaðar. Þá er krafist upptöku á 4,97 g af kókaíni sem lögregla lagði hald á, skv. 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, með síðari breytingum. Einnig er krafist upptöku á 13 farsímum (munaskrá lögreglu nr. [...] og [...]) sem lögregla lagði hald á, skv. heimild í 7. mgr. 5. gr. sömu laga og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, með síðari breytingum, sbr. og 1. mgr. 69. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en farsímarnir voru notaðir eða ætlaðir til ólögmætrar meðferðar haldlagðra ávana- og fíkniefna. Einnig er krafist upptöku á samtals 617.351 íslenskum krónum, 1.665 evrum, 192 bandarískum dollurum, 700 albönskum lek[um], 100 svissneskum frönkum og 20 pundum, sem hald var lagt á (munaskrá lögreglu nr. [...] og [...]), skv. 7. mgr. 5. gr. fíkniefnalaga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, með síðari breytingum, sbr. 1. mgr. 69. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en fjármunirnir eru ætlaður ágóði ákærða af sölu ólöglegra ávana- og fíkniefna.“

Við þingfestingu málsins 9. janúar sl. féll ákærvaldið frá þeim hluta ákæruliðar 1 að vörslur fíkniefnanna hafi verið til söludreifingar í ágóðaskyni.

Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar sem lög leyfa að því er varðar ákæruliði 1 og 2. Varðandi ákæruliði 3 krefst hann þess aðallega að ákærði verði sýknaður af því að fíkniefnin hafi verið ætluð til söludreifingar í ágóðaskyni, en til vara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa. Varðandi ákæruliði 4 krefst hann aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst hann þess aðallega að upptökukröfu verði vísað frá dómi, en til vara að henni verði hafnað, en til þrautavara að henni verði breytt til lækkunar. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa.

Málsatvik

Ákærði játar sök að því er varðar ákæruliði 1 og 2 og er því ekki þörf að rekja málsatvik vegna þeirra.

Ákæruliðir 3 og 4

Þann 5. apríl 2023 barst lögreglu tilkynning um að menn væru að reykja kannabis í bifreiðinni [...] á bifreiðastæði við Vífilsstaðavatn. Tveir lögreglumenn fóru á staðinn og komu auga á bifreiðina þar sem henni var ekið Elliðavatnsveg til norðurs og þaðan til hægri inn á Vatnsendaveg til austurs. Lögreglumennirnir ákváðu að kanna ástand og ökuréttindi ökumanns með tilliti til framangreindrar tilkynningar. Ökumanni bifreiðarinnar voru gefin stöðvunarmerki með forgangsljósum lögreglubifreiðar. Ökumaðurinn stöðvaði í fyrstu á Vatnsendavegi við Vífilsstaðavatn en er lögreglumenn gengu að bifreiðinni steig ökumaðurinn á bensíngjöf bifreiðarinnar og ók hratt af stað. Gluggi bifreiðarinnar var opinn og ökumanninum voru gefin fyrirmæli um að stöðva strax sem hann gerði ekki og ók hann áfram á mikilli ferð. Lögreglumenn óku á eftir bifreiðinni með kveikt forgangsljós. Ökumaður [...] ók áfram Vatnsendaveg til austurs og fór ekki að fyrirmælum lögreglu um að stöðva bifreiðina. Ökumaðurinn stöðvaði bifreiðina að lokum á Vatnsendavegi við [...] þar sem hann og farþegi hlupu báðir út úr bifreiðinni. Annar lögreglumaðurinn hljóp á eftir ökumanninum og gaf honum ítrekuð fyrirmæli um að stöðva en hann gerði það þó ekki. Ökumaðurinn kastaði frá sér blárrí mittistösku á hlaupunum sem lenti uppi í tré. Lögreglumaðurinn náði ökumanninum og var hann handtekinn. Hinn lögreglumaðurinn hljóp á eftir farþega bifreiðarinnar, sem reyndist vera ákærði, og voru honum gefin ítrekuð fyrirmæli um að stöðva sem hann gerði ekki. Ákærði var hlaupinn uppi, færður í jörðina og í handjárn. Við öryggisleit á ökumanninum fannst meint kókaín í sölueiningum og í bláu mittistöskunni sem hann kastaði frá sér fannst meint kannabis í sölueiningum. Hann var einnig með peningaseðla í veski og í buxnavasa. Við öryggisleit á ákærða fannst meint kókaín í úlpu. Einnig fannst nokkuð af peningaseðlum í jakkavasa og fimm farsímar í buxnavasa hans. Við leit í bifreiðinni fundust tveir 10.000 króna seðlar á gólfi farþegamegin. Á milli sæta fannst einnig poki með íslenskri mynt. Ökumaðurinn og ákærði kváðust báðir vera

heimilislausir og hafast við í bifreiðinni. Hvorugur heimilaði leit í símunum sem þeir voru með. Hvorugur var með vegabréf á sér og sögðust þeir ekkert vita um þau.

Daginn eftir var tekin skýrsla af ákærða hjá lögreglu. Hann greindi frá því að hafa flúið lögreglu vegna hræðslu við að vera sendur úr landi og kvað fíkniefnin til eigin nota. Hann framfleytti sér með því að hjálpa vinum og kunningjum og fá greitt fyrir þá hjálp. Íslenskar krónur sem fundist hefðu í jakkavasa hans hefðu komið frá vinkonu hans. Hann hefði ætlað að nota þá fjármuni til að leigja íbúð en ekki hefði orðið af því. Hann kvað fjóra af þeim fimm farsímum sem hann hefði verið með vera í eigu þriðja aðila sem hefði verið með þeim í bifreiðinni og hlaupið á eftir þeim, en hann hefði komist undan lögreglu. Ákærði kvaðst ekki skilja hvers vegna lögreglumenn hefðu ekki orðið hans varir en neitaði að gefa upp nafn hans.

Ákærði var í framhaldi úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna brota á útlendingalögum þann 6. apríl 2023, en þann 18. sama mánaðar var hann færður úr landi.

Framburður fyrir dómi

Ákærði gaf ekki skýrslu fyrir dómi.

Lögreglumaður nr. B greindi frá því að tilkynning hefði borist um kannabisreykingar í bifreið við Vífilsstaðavatn. Lögreglumenn hefðu farið á staðinn, séð bifreiðina aka af stað og ákveðið að stöðva hana til að kanna ástand ökumanns. Ökumaðurinn hefði framvísað skilríkjum en síðan gefið í og ekið burt. Lögreglumenn hefðu elt og eftir skamma stund hefði bifreiðin verið stöðvuð og ökumaður og farþegi yfirgefið bifreiðina. Lögreglumennirnir hefðu hlaupið þá uppi og handtekið. Ökumaðurinn hefði hent frá sér blárrí mittistösku sem hefði lent uppi í tré. Fíkniefni hefðu fundist í töskunni. Ákærði hefði verið með fíkniefni á sér, nokkra síma og peningaseðla. Vitnið mundi ekki hvort ákærði hefði framvísað skilríkjum.

Lögreglumaður nr. C kvaðst hafa rannsakað málið í framhaldi af handtöku mannanna tveggja. Ákærði og ökumaðurinn hefðu hlaupið frá bifreið eftir akstur og fundist hefðu fíkniefni o.fl. Mennirnir hefðu báðir sagt að þeir væru hræddir við lögregluna og hefðu því hlaupið í burtu. Þá hefðu þeir báðir vísað til þess að fíkniefnin sem hefðu fundist hefðu verið til eigin nota. Lögregla teldi með vísan til þess sem fundist hefði á mönnunum og sögu þeirra um sölu fíkniefna að fíkniefnin sem hefðu fundist væru ætluð til sölu. Þá teldi lögreglan skýringar ákærða um að hann fengi stundum greitt fyrir að aðstoða fólk ekki trúverðugar en hann hefði ekki getað greint frá því um hverja væri að ræða. Ákærði hefði haft fimm síma á sér. Hann hefði veitt lögreglu leyfi til að rannsaka einn þeirra og gefið upp aðgangsnúmer hans. Sá sími hefði verið nýr og ekkert saknæmt hefði fundist í honum. Lögregla hefði ekki náð að opna hina símana.

Niðurstaða

Ákæruliðir 1 og 2

Ákærði hefur skýlaust játað brot sín í ákæruliðum 1 og 2 eftir þá breytingu á ákærulið 1 að fallið hafi verið frá því að vörslur fíkniefnanna hafi verið til söludreifingar í ágóðaskyni. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að hann er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákæruliður 3

Ákærða er gefið að sök fíkniefnalagabrot með því að hafa haft í vörslum sínum 4,10 g af kókaíni ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni. Ákærði hefur játað vörslur fíkniefnanna en neitar því að það hafi verið til söludreifingar í ágóðaskyni.

Ákærði var handtekinn þann 5. apríl 2023 eftir að hafa verið hlaupinn uppi af lögreglu, eins og nánar er lýst í málsatvikalýsingu, þrátt fyrir að hafa verið gefin ítrekuð fyrirmæli um að stöðva. Á honum fundust 4,10 g af kókaíni sem voru í tveimur smelluláspokum. Þá var hann með umtalsvert magn peningaseðla á sér; íslenskar krónur, dollara og albönsk lek. Jafnframt hafði hann á sér fimm farsíma.

Ákærði gaf ekki skýrslu fyrir dómi en hjá lögreglu kvað hann fíkniefnin vera til einkaneyslu. Hann sagði íslenska reiðuféð hafa komið frá vinkonu sinni sem hann myndi einungis fyrra nafnið á. Þetta hefði átt að nota til að leigja íbúð ásamt þremur öðrum mönnum, en ekkert hefði þó orðið af leigunni. Aðrar skýringar á fjármunum sínum sagði hann vera að hann aðstoðaði stundum kunningja gegn peningagreiðslu. Ekkert saknæmt fannst í eina símanum sem ákærði heimilaði leit í. Hann sagði hina fjóra símana sem hann hefði verið með á sér vera í eigu þriðja manns sem hefði verið í bifreiðinni, en vildi ekki veita neinar upplýsingar um þann mann. Lögreglu tókst ekki að komast inn í þá síma.

Sú skýring ákærða að hann hafi flúið lögreglu vegna hræðslu við að vera endursendur til [...] er trúverðug miðað við aðstæður ákærða. Skýringar hans eru að öðru leyti ótrúverðugar og ekki studdar neinum gögnum eða framburði. Þá fer framburður hans um að þriðji maðurinn hefði verið með í bifreiðinni og komist undan ekki saman við skýrslur lögreglu um atvikið eða framburð lögreglumanna fyrir dómi en lögreglumaður nr. B sem mætti á vettvang staðfesti að einungis ákærði og ökumaður bifreiðarinnar [...] hefðu verið á staðnum.

Ökumaður bifreiðarinnar sem ákærði var farþegi í var jafnframt með fíkniefni í söluumbúðum á sér og peningaseðla. Þá fundust peningar í bifreiðinni. Magn fíkniefnanna sem um ræðir er ekki slíkt að af því verði ráðið að þau hafi verið ætluð til sölu eða dreifingar. Ef hins vegar er litið til aðstæðna allra, söluumbúða sem fíkniefnin voru í, magns fjármuna og síma sem fundust á ákærða og skýringa ákærða sem standast ekki

skoðun verður að telja hafið yfir skynsamlegan vafa að vörslur fíkniefnanna hafi verið til söludreifingar í ágóðaskyni. Verður ákærði því sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákærulið 3 og er brot hans þar rétt heimfært til refsíákvæða.

Ákæruliður 4

Ákærða er gefið að sök brot gegn lögum um útlendinga með því að hafa brotið gegn þeirri skyldu sinna að sýna skilríki til að upplýsa hver hann væri og hvort dvöl hans í landinu væri lögmæt, að kröfu lögreglu, á sama tíma og um ræðir í ákærulið 3.

Ákærði neitar sök og byggir á því að honum hafi verið ómögulegt að framvísa skilríkjum þar sem vegabréf hans var í vörslum lögreglu.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga er útlendingi skylt að kröfu lögreglu að sýna skilríki og veita upplýsingar, ef þörf er á, svo að ljóst sé hver hann er og hvort dvöl hans í landinu sé lögmæt.

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að hvorki ákærði né ökumaður bifreiðarinnar [...] hafi verið með vegabréf á sér en þeir hafi sagst ekkert vita um þau. Fyrir liggur í málinu að vegabréf ákærða var á þeim tíma sem um ræðir í vörslum lögreglu. Ákærði virðist ekki hafa verið spurður um þetta sakarefni við skýrslugjöf hjá lögreglu. Fyrir dóminn kom lögreglumaður sem mætti á vettvang, en hann kvaðst ekki muna hvort ákærði hefði framvísað persónuskilríkjum.

Með hliðsjón af framangreindu er ljóst að ákærða var ómögulegt að framvísa vegabréfi sínu umrætt sinn. Ekkert liggur fyrir um með hvaða hætti hann var inntur eftir skilríkjum umrætt sinn og hvort honum var gefinn kostur á að framvísa öðrum persónuskilríkjum. Samkvæmt þessu verður ekki fullyrt að ákærði hafi umrætt sinn gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 14. gr. laga nr. 80/2016 og verður hann því sýknaður af þessum ákærulið.

Refsing, upptökukröfur og sakarkostnaður

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 2. október 2023, var ákærði, þann [...] 2022, dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir ýmis brot, m.a. fíkniefnalagabrot. Brot ákærða skv. ákærulið 1 var framið fyrir uppkvaðningu dómsins og verður honum því gerður hegningarauki vegna þess. Með brotum sínum í ákæruliðum 2 og 3 hefur ákærði hins vegar rofið skilorð framangreinds dóms og verður hann því dæmdur upp og ákærða gerð refsing í einu lagi, sbr. ákvæði 60. gr., sbr. 77. og 78. gr., almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði, en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi til afplánunar refsingarinnar dregst frá gæsluvarðhald sem ákærði sætti 6. til 18. apríl 2023.

Í ákæru er krafist upptöku á 4,97 g af kókaíni, 13 farsímum, 617.351 íslenskri krónu, 1.665 evrum, 192 bandarískum dollurum, 700 albönskum lekum, 100 svissneskum frönkum og 20 pundum, sem lögregla lagði hald á undir rannsókn málsins. Við aðalmeðferð málsins lýsti sækjandi því að ákærvaldið félli frá upptökukröfum á þeim sínum og reiðufé sem um ræðir vegna ákæruliðar 1 og er ágreiningslaust að því hefur verið skilað til ákærða. Ákærði mótmælir að öðru leyti upptökukröfum. Hann krefst aðallega frávísunar þeirra á þeim grundvelli að hluti þeirra virðist tengjast sakamáli á hendur öðrum manni og kröfurnar séu því óljósar. Þótt fallast megi á það með ákærða að kröfurnar séu ekki að öllu leyti skýrar þar sem í þeim sé að einhverju leyti vísað til fjármuna sem tilheyri ekki ákærða verða þó ekki talin efni til að vísa kröfunum frá að öllu leyti enda er jafnframt vísað til munaskráa og hægt að aðgreina síma og peninga sem haldlagt var hjá ákærða.

Með vísan til lagaákvæða í ákæru eru gerð upptæk samtals 4,97 g af kókaíni sem lögregla lagði hald á í málinu. Af kröfu um upptöku á farsímum standa eftir farsímar sem ákærði hafði undir höndum við handtöku vegna ákæruliðar 3. Ákærði var með einn síma meðferðis sem ekkert sagnæmt fannst í, en jafnframt fjóra aðra farsíma sem hann neitaði að eiga. Með vísan til framangreinds verður fallist á það með ákærvaldinu að þeir símar hafi verið notaðir eða hafi verið ætlaðir til ólögmatrar meðferðar ávana- og fíkniefna og verður því með vísan til tilvitnaðra lagaákvæða fallist á upptöku þeirra. Þá verður fallist á upptöku þeirra fjármuna sem ákærði hafði á sér við öryggisleit við sama tækifæri, eins og nánar greinir í dómsorði, en skv. 7. mgr. 5. gr. fíkniefnalaga nr. 65/1974, sbr. og 1. mgr. 69. gr. b í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 er heimilt að gera upptækt til ríkissjóðs andvirði ólögmatrar sölu fíkniefna, ávinning af brotum á lögnum, fjárhæð sem svarar til slíks ávinnings og muni sem keyptir eru fyrir ávinninginn. Þá er einnig heimilt að gera upptæka hvers konar muni sem notaðir hafa verið eða ætlaðir eru til ólögmatrar meðferðar efna sem lögin taka til.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnars Gíslasonar lögmanns, 838.240 krónur, þóknun verjenda á rannsóknarstigi, Ólafs Vals Guðjónssonar lögmanns, 257.920 krónur, og Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns, 128.960 krónur. Við ákvörðun þóknunar lögmannna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Ekki leiddi annan kostnað af meðferð málsins.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Lína Ágústsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

Dómsorð:

Ákærði, Ani Kadiu, sæti fangelsi í þrjá mánuði, en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi

ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi til afplánunar refsingarinnar dregst frá gæsluvarðhald sem ákærði sætti 6. til 18. apríl 2023.

Ákærði sæti upptöku á 4,97 g af kókaíni, fjórum farsímum, 507.000 krónum, 1.255 evrum, 65 bandarískum dollurum og 700 albönskum lekum.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnars Gíslasonar lögmanns, 838.240 krónur, þóknun verjenda á rannsóknarstigi, Ólafs Vals Guðjónssonar lögmanns, 257.920 krónur, og Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns, 128.960 krónur.

Barbara Björnsdóttir